



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytta aðferðafræði við ráðningu kennara***

Á fundi borgarráðs 27. ágúst 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu sem var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Á hverju hausti er sami vandinn uppi hjá skóla- og frístundasviði vegna þess að ekki hefur tekist að manna stöður. Enn er óráðið í 76 grunnskólum og 63 leikskólum borgarinnar og um fjörutíu stöðugildi í 36 grunnskólum. Flokkur fólksins leggur til að skólafyrirvöld breyti um aðferðafræði þegar kemur að ráðningu kennara. Byrja á mikið fyrr að auglýsa og kynna laus stöðugildi. Sú vinna á að fara fram að vori. Reynslan hefur sýnt að breyta þarf um taktík þar sem sami vandinn er á hverju ári. Hér er spurning um að læra af reynslu. Ef eitthvað virkar ekki þá þarf að endurskoða aðferðafræðina og gera á henni breytingar. Það er ekki nóg að vona og vona. Nú blasir við sú staða að ekki er hægt að ráða inn í tiltekna leikskóla getur það hægt á innritun í þá skóla. Erfiðleikar við að fá fólk í þessi störf eru ákveðnar upplýsingar um störfin og líðan fólks í þeim. Meira að segja nú þegar atvinnuástandið er slæmt er erfitt að fá fólk til starfa í skólanna. Skoða þyrfti hvað það er við þessu störf annað en álag og lág laun sem hefur svo mikinn fælingarmátt. Ekki er ósennilegt að mygluvandi í skólum sé hluti af vandamálinu.*

Mikil vinna hefur verið lögð í það mikilvæga verkefni að manna störfin á starfseiningum skóla- og frístundasviðs undanfarin ár. Frá árinu 2017 hefur á hverju ári verið farið í öflugt kynningarátak með sérhönnuðu auglýsingaefni sem hefur haft það að markmiði að manna störfin og hvetja ungt fólk til þess að velja uppeldisstarf sem framtíðarstarfsvettvang. Birtingar hafa verið mjög víða t.d. í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, Stundinni og öllum hverfablöðunum. Veggspjöld hafa verið sett í alla framhaldsskóla, sundlaugar, líkamsræktarstöðvar, kaffihús og verslunarkjarna í borginni. Vefborðar hafa verið á visir.is, mbl.is og stundin.is. Auglýst hefur verið á RÚV, Stöð2, Sjónvarpi Símans Premium og kvikmyndahúsum. Netmiðlar sem auglýst hefur verið á eru Facebook, Instagram, googleAdWords, google/youtube pre roll og rúllandi auglýsingar í strætóskýlum.

Þá hefur Reykjavíkurborg sett á laggirnar sérstaka afleysingastofu til þess að hjálpa til við mönnun starfa. Í fyrstu var áhersla á leikskólana en nú hefur starfsemin verið víkkuð út og nýttist einnig grunnskólum og starfseiningum í frístundastarfi.

Þá hafa fjölmargar aðrar leiðir verið nýttar til þess að kynna störfin eins og á Framadögum í HR, háskólanemum boðið í vísindaferðir til skóla- og frístundasviðs og viðurkenningar fyrir meistaraverkefni sem unnin eru á vettvangi sviðsins, allt með það að markmiði að laða starfsfólk til starfsstaða skóla- og frístundasviðs.

Einnig hefur farið mikil vinna farið í að bæta starfsumhverfi á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs og má þar nefna þrjá starfshópa sem skoðuðu starfsumhverfi leikskólakennara, starfsumhverfi grunnskólakennara og starfsumhverfi fagfólks í frístundastarfi. Fjölmargar tillögur voru settar fram í þessum hópum og eru margar þeirra þegar komnar til framkvæmda sem hafa það markmið að bæta starfsumhverfið þar með talið kjör starfsfólks, húsnæði og starfsaðstöðu með það að markmiði að laða nýtt starfsfólk til starfa og treysta ráðningarsamband við núverandi starfsfólk.

Auglýsingaherferðirnar eru settar af stað að vori þegar stjórnendur fara að auglýsa laus störf en þeir reyna ætíð eftir fremsta megni að ganga frá öllum ráðningum að vori fyrir komandi skólaár. Almenn er það þannig t.d. að grunnskólar byrja að auglýsa eftir kennurum í apríl. Vissulega tekst ekki alltaf að ganga frá öllum ráðningum að vori og geta verið fjölmargar ástæður fyrir því. Má þar t.d. nefna að ungt fólk sem komið er með sumarvinnu er ekki endilega farið að leita eftir eða sækja um störf fyrir veturinn. Á þetta sérstaklega við um háskólanema sem er stór hópur starfsmanna starfseininga skóla- og frístundasviðs en þeir fá ekki stundatöflur fyrr en að hausti og geta því ekki gengið frá ráðningum fyrr en þær eru komnar.

Frábær árangur hefur náðst í þessu stóra og mikilvæga verkefni. Sem dæmi má nefna að umsóknum í deild kennslu- og menntunarfræði fjölgaði um 94% frá síðasta ári sem er mikið fagnaðarefni enda hafa allar aðgerðir í mönnunarmálum einnig miðað að því að horfa til framtíðar og ekki síst fjölga þeim sem eru með kennaramenntun.

Staðan á ráðningum í byrjun október 2020 er sú að mjög vel hefur gengið að manna störf in í frístundastarfinu þar sem búið er að ráða í 98,1% stöðugilda samanborið við 95% í október 2019 og 89% í október 2018. Í grunnskólum er búið að ráða í 99,5% stöðugilda samanborið við 99% í október 2019 og 2018. Hvað varðar leikskólana þá er búið að ráða í 98,4% stöðugilda samanborið við 98% í október 2019 og 97,8% í október 2018.

Skóla- og frístundasvið telur að á liðnum árum hafi verið unnið í þeim anda sem kemur fram í tillögunni og mun halda áfram að gera sitt ítrasta til að styðja stjórnendur í að tryggja fulla mönnun í skóla- og frístundastarfi.